

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um kvikmyndasetur í Regnboganum við Hverfisgötu

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Þessi tillaga er um það að borgarstjórn samþykki að Reykjavíkurborg styðji við tilraunaverkefni um að kvikmyndahúsið Regnboginn verði kvikmyndasetur eða nokkurs konar heimili kvikmyndanna. Hugmyndin snýst ekki svo mikið um húsið samt, þannig að ég segi það strax þó svo að Regnboginn sé býsna merkileg bygging enda er þetta fyrsta fjölsala bíóið sem byggt var í Evrópu. En hugmyndin snýr ekkert síður að því að í þeirri deiglu sem skapast hefur í kjölfar hrunsins og þeim sóknarfærum sem kvikmyndagerðarfólk og kvikmyndaáhugafólk á Íslandi hafa verið að draga fram málstað sínum til stuðnings, að þá er orðin til býsna öflug og stór grasrótargreyfing sem telur að fái hún til þess nokkra mánaða ráðrúm og tóm að þá geti orðið til áætlanir um starfsemi og rekstur sem byggja á grasrótarpátttöku – grasrótarskipulagi og samstöðu allra þeirra sem að koma að málefnum kvikmynda á Íslandi um það að í Regnboganum verði sjálfbær rekstur í víðtæku samstarfi – nokkurs konar heimili kvikmyndanna á Íslandi.

Út á hvað gengur það? Meðal annars að íslenskar kvikmyndir eigi samastað, þannig að ferðamenn sem heimsæki Reykjavík og Ísland geti gengið að því sem vísu yfir háferðamannatímamann að geta séð íslenskar kvikmyndir með texta. Það gengur líka út á það að dreifingaraðilar kvikmynda geti lagt saman og haft þetta sem kvikmyndahús fyrir þá tegund kvikmynda sem að ekki njóta fjöldaheilli en getur verið gott fyrir kvikmyndamenningu Íslendinga að sé á boðstólum. Þetta getur líka verið vettvangur kennslu. Þetta getur verið vettvangur ýmissa hugmynda sem tengjast kvikmyndagerð og kvikmyndarekstri.

Og nú þegar eru uppi áform um það að kvikmyndamiðstöð Íslands flytji inn í leiguhúsnæði þarna á efri hæðinni ef að áform um að Kvennaskólinn flytji í Miðbæjarskólann að þá er hendi næst að Alþjóðlega kvikmyndahátíðin sem hefur verið þar í húsnæði í kjallaranum geti flust yfir í Regnbogahúsnæðið. En síðast en ekki síst að þá er hugsunin sú að láta á það reyna hvað þetta blómlega grasrótastarf drífur langt, ef svo má að orði komast, þannig að þetta geti í raun líka orðið aðsetur fyrir ýmislegt sem við sjáum ekki fyrir núna. Það er þegar til staðar bráðabirgðastjórn fyrir Regnbogann-kvikmyndasetur sem að hefur náð

saman flestum þeim sem koma að kvikmyndum, kvikmyndagerð, kvikmyndakennslu og svo framvegis á Íslandi utan um þessa hugmynd. En tilefni þess að þetta kemur fram núna er að 1. júní nk. er ráðgert að húsið loki og það er beðið ákvarðana um hvort að eitthvað geti verið væntanlegt sem bakhjarl eða fóstri fyrir hugmyndina þannig að menn fari ekki að fjarlægja þarna tæki, tól og sæti svo eitthvað sé nefnt.

Hugsunin á bak við þessa tillögu er býsna lík hugsuninni á bak við Austurbæ, sem borgin stóð á bak við tímabundið sem miðstöð fyrir atvinnulaus ungmenni og spratt ýmislegt gott út úr því. Má deila um það hvort að lokun Austurbæjar hafi verið ótímabær, en þar er allavega fordæmi sem hægt er að horfa til. En ég geng þess ekki dulinn og ætla ekki að halda öðru fram að í þessu felst ákveðin ævintýramennska og áhætta eins og oft þegar að borgin stígur fram og styður við grasrótastarf upp á von og óvon um það, hvort að viðkomandi starfsemi taki flugið og sanni sig eða ekki.

Þessi tillaga væri hins vegar ekki flutt hér ef að við hefðum ekki trú á því að þetta yrði til góðs fyrir borgina en líka kvikmyndagerð sem atvinnuveg sem vaxtarbrodd og sem samfélag. Og með því að afmarka kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar skýrt og styðja við bakið á þessum grasrótarsamtökum líka hvað varðar svona stofnanaumgjörðina, þ.e.a.s. gerð samþykktu og svo framvegis, að þá höfum við trú á því að þessum fjármunum sé bæði skynsamlega og vel varið og höfum trú á því að þessi vettvangur, þetta setur eða heimili kvikmyndanna muni skjóta ekki bara rótum heldur líka fullt af brumhnöppum og blómstrum til framtíðar fyrir borgina og kvikmyndir á Íslandi.

Forseti: Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um kvikmyndasetur í Regnboganum við Hverfisgötu

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég þakka tillöguflutjanda þá tillögu sem hann leggur hér fram í dag. Ég held að við flest sem erum í þessum sal þekkjum þessar umræður. Regnboginn er auðvitað orðinn eitt af svona menningartáknum miðborgarinnar, ef við getum orðað það þannig. Þetta er orðið kvikmyndahús sem að auðvitað allir þekkja og ég held að það sé alveg hárrétt hjá borgarfulltrúanum að flest viljum við auðvitað sjá að þarna verði starfrækt einhvers konar kvikmyndahús í framtíðinni og að þarna verði sú menningarstarfsemi sem húsið geti boðið upp á.

Ég vil hins vegar líka benda á að auðvitað er borgin með ákveðið verkefni sem tengist kvikmyndum, við erum búin að vera í því að gera upp Tjarnarbíó sem auðvitað á að hýsa ákveðna starfssemi og hefur verið verkefni sem að Reykjavíkurborg hefur auðvitað borið af nokkurn kostnað en telur vera þess virði og það er komið vel á veg og er á lokametrinum eins og menn hér þekkja. Ég hef átt samtöl við bæði fulltrúa Bandalags ísl. listamanna og eins fulltrúa í Samtökum kvikmyndagerðamanna og aðra um þetta verkefni. Það hefur hins vegar ekki borist hér formlegt erindi þrátt fyrir að óformlega hafi þessir aðilar rætt um það við borgina með einum eða öðrum hætti hvort að væri einhver vilji til slíkrar aðkomu.

Ég held hins vegar, forseti, að við verðum að vísa tillögunni til menningar- og ferðamálaráðs til skoðunar. Mínar síðustu upplýsingar um þetta mál voru þær að það væri verið að skoða samstarf ákveðinna aðila, bæði eigenda kvikmyndahúsa, forsvarsmanna kvikmyndagerðar á Íslandi og fleiri aðila. Þessi tillaga er ekki alveg skýr með það nákvæmlega hvernig haldið verður á verkefninu og hver þá aðkoma Reykjavíkurborgar yrði. Það eina sem vitnað er í hér er það að þetta sé ákveðin grasrótastarfsemi, en svona ábyrgðaraðilar verkefnisins eða utanumhald er ekki mjög skýrt, eins og menn sjá af þessari tillögu. Þannig til þess að skoða það betur og til þess að renna frekari stoðum undir það sem hér er nefnt leggjum við til að þessari tillögu verði vísað til meðferðar í menningar- og ferðamálaráði.

Bstj. 18. maí 2010

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi óskar að veita andsvar við ræðu borgarstjóra.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um kvikmyndasetur í Regnboganum við Hverfisgötu

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Mér finnst það svolítið mikilvægt að það liggi fyrir á hvaða forsendum það er verið að vísa þessu máli, vegna þess að tímaramminn í því er býsna stuttur og þess vegna skiptir það máli hvort að þetta fari í einhverja beina vinnslu og beinar viðræður á vegum menningar- og ferðamálasviðs eða hvort að þetta er að fara í einhvers konar umsagnarferli og þá verður tíminn runninn frá okkur, sem væri ekki gott. Þannig að ég mundi nú mælast til þess að ef það þarf að vísa þessu eitthvað að þá væri hugsanlegt að vísa því til borgarráðs á fimmtudag og leita umsagnar menningar- og ferðamálasviðs fram að þeim tíma.

Forseti: Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi hefur lokið við að veita andsvar og hæstvirtur borgarstjóri svarar þá andsvari.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um kvikmyndasetur í Regnboganum við Hverfisgötu

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Mér finnst borgarfulltrúinn dálítið reiðubúinn í einhvern veginn allt önnur vinnubrögð en hann talar vanalega fyrir hér. Það er ekkert í tillögunni borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson um það nákvæmlega hverja við erum að fara að tala við. Það stendur hér; ...jafnframt veitir borgin stuðning og ráðgjöf við gerð samþykktu og stofnun félags um rekstur og starfsemi sem byggja á grasrótarþátttöku og breiðri samstöðu allra þeirra sem koma að málefnum kvikmynda á Íslandi. Eins og ég hef skilið þessa forsvarsmenn sem hafa rætt við mig um málið, þá hafa þeir ekki verið að óska eftir því að borgin tæki forystu í málinu, heldur hafa þau sjálf haft ákveðnar hugmyndir um verkefnið og spurt að því hvort að borgin væri reiðubúin að koma inn í það eftir að þau eru búin að móta það verkefni.

Og ég skil ekki alveg af hverju og það er ekki einu sinni talað um það hér hvaða kostnað borgin bæri á þessu. Þannig að mér finnst nú borgarfulltrúinn núna bara nokkrum dögum – ég veit ekki hvort það tengist bara kosningum, en borgarfulltrúinn hefur sjálfur lagt á það áherslu að þegar að við erum að taka fjárhagslegar ákvarðanir þá liggi eitthvað til grundvallar. Og það sem mér finnst ekki liggja hér til grundvallar og ég bið þá borgarfulltrúann um að benda mér á það hvaða nákvæmlega tölur við erum að tala um. Hvaða upphæðir eru þetta nákvæmlega. Hvað væri borgarstjórn að samþykkja.

Það kemur ekki fram í tillögunni borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson og þess vegna er ábyrgðarlaust af okkur að samþykkja hana hér ekki vitandi hvaða fjármagn við erum að tala um. Hér eru ekki tilteknir neinir ákveðnir aðilar sem er ekki í samræmi við það sem ég hef heyrt frá þessum aðilum, þar sem að hafa verið nefndir ákveðnir aðilar sem eru að halda utan um verkefnið og hafa áhuga fyrir því að koma því á laggirnar. En ef borgarfulltrúinn hefur gleggri og betri upplýsingar, þá bið ég hann um að veita þær.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að svara andsvari. Þá veitir Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi andsvar öðru sinni.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um kvikmyndasetur í Regnboganum við Hverfisgötu

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Tímastundin er einfaldlega skammur og það hefur verið í samráði við það fólk sem hefur borið þetta upp að það er farið fram með þetta hér vegna þess að klukkan tifar einfaldlega. Ástæðan fyrir því að engar upphæðir eru settar inn í tillöguna er einfaldlega sú að það er sammingsatriði. En ég get upplýst borgarstjóra um hvaða samtöl hafa farið á milli þessara ólíku aðila, vegna þess að þarna er um að ræða afsláttarkjör á þessari leigu tímabundið, en mikilvægt að þau viljrði auðvitað standi. Og síðan gerði ég grein fyrir því en það hefur kannski ekki verið nógu skýrt að hugmyndin er sú og það er þegar komin bráðbirgðastjórn yfir þetta fyrirbæri en svo er að formgera þetta. En það þarf hins vegar að tryggja húsnæðið núna á næstu dögum er ég hræddur um, annars gæti verkefnið verið í uppnámi. Þess vegna ber þetta svona brátt að.

Forseti: Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi hefur lokið við að veita andsvar öðru sinni. Og nú svarar borgarstjóri andsvari öðru sinni.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um kvikmyndasetur í Regnboganum við Hverfisgötu

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Eins og ég sagði áðan að þá finnst mér margt gott í þessu verkefni. En ég hélt að það væri algjört prinsipp hjá okkur hérna í þessum sal, eiginlega alveg sama hvaða ákvarðanir það væru, það að það liggi á að klára málið, jú örugglega, en það er búið að benda þessum aðilum á það að koma formlegu erindi inn til borgarinnar og við getum ekki, ég sé bara ekki af hverju við ættum að fara frá þeim viðteknu venjum okkar, að þegar að við erum að samþykkja tillögur þá getum við ekki gert það án þess að það sé vitað að upphæðin og hér vitnar borgarfulltrúinn til óformlegrar stjórnar sem hefur orðið til og yrði þá samningsaðili. Það kemur ekki fram í tillögunni. Það er bara talað hér um grasrótarþátttöku, það er ekki vitnað í nein samþykki eða aðila eða neina þessa aðila sem ræða þarf við.

Þannig að mér finnst þá tillagan einhvern veginn ekki vera borin fram með þeim hætti að það sé hægt að samþykkja hana hér. Þess vegna taldi ég alveg einboðið og taldi að um það yrði góð sátt að vísa henni til eðlilegrar meðferðar hér innan stjórnkerfisins, og hennar yrði vísað til meðferðar menningar- og ferðamálaráðs sem hlýtur að vera sá aðila sem tekur afstöðu til þess hvort að borgin eigi að kom inn í uppbyggingu á kvikmyndahúsi eða það verkefni með sama hætti og hefur verið gert með önnur verkefni. Þannig að ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að vísa þessu til meðferðar. Við getum ekki samþykkt tillögun og farið að ganga til samninga. Það kemur ekki einu sinni fram í tillögunni, eins og ég benti á áðan, við hverja borgin á að ganga til samninga við. Þannig að mér finnst að tillöguflýtyjandi þurfi einhvern veginn að skerpa á tillögunni ef að hann taldi að hún væri til þess bær að hún yrði samþykkt hér. Vanalega hefur það fylgt alla vega mjög ákveðið og þó ekki væri nema svona sirka tölur er varða kostnað.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur svarað andsvari öðru sinni og er andsvörum lokið, enda hafa báðir nýtt sér þann andsvarétt sem hafa hann. En forseti veitir Degi B. Eggertssyni leyfi til að koma með stutta athugasemd.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um kvikmyndasetur í Regnboganum við Hverfisgötu

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil ítreka þann skamma tíma sem er til stefnu og vona að þessi viðbrögð háttvirts borgarstjóra séu ekki til marks um það að hún styðji ekki hugmyndina, vegna þess að fyrsta ræða hennar var prýðileg. Og ég hélt að það leiddi af eðli máls þegar um er að ræða byggingu að þegar að leiga er annars vegar þá er rætt við eiganda byggingarinnar. Það er eðlilegt að bráðbirgðastjórnin sé í samráði um það. En það var hugsunin að borgin yrði þarna bakhjarl og nokkurs konar, ef maður leyfir sér lýrískt orðalag, ljósmóðir verkefnisins. Ég hef boðist til þess að fara að nefna hér upphæðir, en þetta snýst um að ná samningum, þannig að ég held að það sé bara óskynsamlegt. Það sem ég legg fyrst og fremst áherslu á er að þetta verði unnið hratt, þetta verði í skýrum farvegi, en það sé ekki bara verið að vísa þessu í einhverja nefnd og síðan líður 1. júní, munir og tæki verði fjarlægð og engin leið að byrja aftur. Það væri mikið slys.

Forseti: Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi hefur komið með stutta athugasemd. Þá kemur borgarstjóri einnig með stutta athugasemd.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um kvikmyndasetur í Regnboganum við Hverfisgötu

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Ég er ekki á móti tillögunni. Mér finnst þetta einkennast af því að menn eru að reyna að fella einhverjar keilur í því og einhverjar svona yfirlýsingar um það að ég vona að þetta sé ekki yfirlýsing um að menn séu á móti þessu. Ég sagði borgarfulltrúanum; ég átti hér samráðsfund með fulltrúum Bandalags ísl. listamanna í síðustu viku þar sem að var farið yfir þetta mál og þar sem að fulltrúarnir létu þess getið að þeir mundu senda inn erindi vegna málsins. Svo koma fulltrúar Samfylkingarinnar hér með tillögu sem að þau segja að bráðliggi á, það er þá ekki formlegt erindi frá þessum aðilum eins og þau töluðu um, heldur er það orðin tillaga Samfylkingarinnar.

Gott og vel, en það breytir því engu – það er alveg sama – það verður að fara í eitthvert ferli og skoða hverjir þessir aðilar eru. Þannig, ég skil ekki alveg ágreininginn. Ég hélt að allir yrðu sammála um það að gefa menningar- og ferðamálaráði tækifæri á að fara yfir málið, athuga kostnaðinn og rýna í það með hvaða hætti væri þá best að koma að þessu. Og það er örugglega nægur tími fyrir menningar- og ferðamálaráð til þess að funda og fara yfir það. Þannig að ég bara legg áherslu á það að við höfum áður brennt okkur á því að vera í einhverjum ofboðslegum spreng með mál og það er ekki hægt að ætlast til þess að borgarstjórn hér með tillögu sem er ekki burðugri en þessi taki fjárhagslegar ákvarðanir sem ekki einu sinni liggja fyrir sirka talan í. Þannig að ég legg bara áherslu á það að málið, og nú hristir borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson þarna höfuðið, sem ítrekað hefur staðið hér upp og sagt að menn geti ekki tekið ákvarðanir nema einhvern veginn vita hvað þær kosta. Ég bið borgarfulltrúann þá um að vera með betur unna tillögu, þó ekki væri nema ávarpa það hverjir aðilarnir eru sem borgin á að vera að vinna með í þessu.

Forseti: Borgarstjóri hefur þá gert stutta athugasemd og er athugasemdum lokið. Umræðu er þá lokið og er þá rétt að ganga til atkvæðagreiðslu um tillöguna. Það liggur fyrir tillaga borgarstjóra um að vísa tillögunni til menningar- og ferðamálaráðs. Hæstvirtur borgarstjóri hefur beðið um orðið.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um kvikmyndasetur í Regnboganum við Hverfisgötu

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Eftir samráð við borgarfulltrúa Dag B. Eggertsson legg ég til að málið fari til meðferðar á menningar- og ferðamálasviði.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lagt til að málinu verði vísað til meðferðar á menningar- og ferðamálasviði borgarinnar. Þeir borgarfulltrúar sem styðja þá tillögu gefi merki. Það er samþykkt með 14 samhljóða atkvæðum. Þá tekur til máls Marta Guðjónsdóttir borgarfulltrúi og kynnir tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um rafræna menntun. Borgarfulltrúinn kynnir tillöguna og þegar að hann er búinn að kynna hana verða greidd atkvæði um hvort hún verði tekin á dagskrá með afbrigðum. Forseti taldi að það væri samkomulag í salnum um að taka tillöguna fyrir núna – er slíkt samkomulag ekki fyrir hendi. Gera menn athugasemd? [Frammícall] Forseti taldi að það væri samkomulag að hafa málið með þessum hætti, ef svo er ekki þá verður haldið áfram með dagskrána. Er þá tekinn fyrir 3. liður á útsendri dagskrá; tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um borgarafundi. Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi tekur til máls.